

**ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 42/2013****2013/EES/49/12****frá 15. mars 2013****um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKID NEÐANGREINDA ÁKVÖRDUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „EES-samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 646/2012 frá 16. júlí 2012 um ítarlegar reglur um sektir og fívíti samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 216/2008 ⁽¹⁾.
- 2) XIII. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

ÁKVÖRDUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Eftirfarandi bætist við á eftir lið 66na (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 103/2007) í XIII. viðauka við EES-samninginn:

„66nb. **32012 R 0646**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 646/2012 frá 16. júlí 2012 um ítarlegar reglur um sektir og fívíti samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 216/2008 (Stjtið. ESB L 187, 17.7.2012, bls. 29).

Ákvæði reglugerðarinnar skulu, að því er samning þennan varðar, aðlöguð sem hér segir:

- a) Ef um er að ræða einstaklinga eða fyrirtæki, sem hafa staðfestu í EFTA-ríki, komi orðin „Eftirlitsstofnun EFTA“ í stað orðsins „framkvæmdastjórnin“ og í stað orðanna „Dómstóll Evrópusambandsins“ komi orðin „EFTA-dómstóllinn“.
- b) Orðin „í samræmi við reglugerð ráðsins (EB, KBE) nr. 1605/2002 og reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB, KBE) nr. 2342/2002“ í 19. gr. gilda ekki að því er varðar EFTA-ríkin.“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerðar (ESB) nr. 646/2012, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 16. mars 2013, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 15. mars 2013.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Gianluca Grippa

formaður.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 187, 17.7.2012, bls. 29.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.